

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

76. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2023 var haldinn kl. 08:00 mánudaginn 23. október 2023 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri. Klara Viðarsdóttir kom inn á fundinn undir lið 1.

Sigríður Karólína Viðarsdóttir var fjarverandi og einnig varamaður hennar.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun FSRV 2024*

Klara Viðarsdóttir kynnti fjárhagsáætlun FSRV 2024. ásamt áætlun um skiptingu á framlögum aðildarsveitarfélaganna til byggðarsamlagsins.

Samþykkt samhljóða með fyrirvara um breytingar á áætlun um framlög aðildarsveitarfélaganna til byggðarsamlagsins..

2. *Erindi frá byggðaráði Rangárþings ytra vegna erindis um dagdvöl fyrir heilabílaða*
Framkvæmdastjóra falið að gera þarfagreiningu og kynna á næsta fundi stjórnar.

3. *Sértæk úrræði fyrir nemendur*

Umræður um næstu skref eftir kynningu á starfseminni á Bjargi í Þorlákshöfn. Framkvæmdastjóra falið að funda með skólastjórum um næstu skref.

Samþykkt samhljóða.

4. *Fastráðning sálfræðings við FSRV*

Framkvæmdastjóri kynnti viðræður við sálfræðing.

Samþykkt samhljóða heimild til að ráða tímabundið í 100% starf.

5. *Önnur mál*

a) *Staða ráðningar náms- og starfsráðgjafa og kennsluráðgjafa.*

Hvorki hefur tekist að ráða í stöðu- náms- og starfsráðgjafa né kennsluráðgjafa.

Samþykkt að reyna aftur að auglýsa eftir áramótin.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:25.